



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 18. júní 2025, fundur hófst kl 20:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Davið Áskelsson, Sigrún Valþórsdóttir, Sigurbjörn Eiríksson (Teams), Katla Gísladóttir (Teams), Haraldur Pétursson, Þórdís Anna Gylfadóttir.

Fjarverandi: Lárus Sindri Lárusson

1. Skipulagsmál

Rætt um skipulagsmál á svæðinu okkar þar með talið þjónustumiðstöð/áholdshús Kópavogs. Ásdís búið að hafa samband og kalla stjórn á fund en verið er að finna dag. Félagið er að stækka og það er nauðsynlegt að nýtt/breytt skipulag taki tillit til stækkun hestamannafélagsins. Þurfum að hugsa skipulagsmál til frambúðar með nærumhverfið í huga, t.d. reyna að koma upp göngustígum og bæta ásýnd hverfisins. Það liggja fyrir samningar við bæjarfélögin frá 2006 og 2012 sem mikilvægt er að hafa til hliðsjónar. Stjórn mun senda inn athugasemdir á skipulagið fyrir 1. september, styðja nefndir félagsins í því að koma með athugasemdir sem og ræða við félögin á höfuðborgarsvæðinu.

2. Starfsmannamál

Verið er að heyra í áhugasömum aðilum og stefnt er að ráðningu allra fyrst.

3. Erindi frá Sjálfbærninefnd og Öryggisnefnd

Farið var yfir tvö erindi sem bárust frá Sjálfbærninefnd og Öryggisnefnd, annars vegar um Dag hestamennskunnar í Spretti og hins vegar um Vistgötur/Skipulagsmál. Erindin vöoru samþykkt og mun Jónína svara nefndunum.

4. Svar frá Samskip

Komið svar frá Samskip um áframhaldandi samstarf. Fara þarf yfir nánari útfærslu á samningnum. Sigurbjörn er með málið.

5. Reiðskólinn Hestalíf

Reiðskólinn óskar eftir lausum hólum fyrir miðdegisviðrun. Svar sent með upplýsingar um möguleg hól.

6. Fyrirspurn frá Kópavogsbæ

Fyrirspurn frá Gunnari, Íþróttasviði Kópavogsbæjar, um iðkendafjölda hjá Spretti. Þórdís svarar.

7. Önnur mál

Símamál, förum ekki til baka í fyrra horf,

Láta laga á heimsíðunni liðinn- Skráning í/úr Spretti. Ekki ljóst hvort viðkomandi er að skrá sig í eða úr félaginu þegar skilaboðin frá síðunni berast til okkar.

Verkefnaskjal komið á sameiginlega drifið. Hver og einn fyllir inn í skjalið.

Næsti formlegi fundur þriðjudaginn 12.8.2025.

Fundi slitið kl. 21:50

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson